

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Stafræn Reykjavík f.h. Upplýsingatækniþjónusta RVK, Þjónustu- og nýsköpunarsviði

Samkeppnisútboð nr. 14945 á Eignaumsjónarkerfi, hugbúnaðarlausn fyrir Umhverfis- og skipulagssvið

Tilboð í ofangreindu samkeppnisútboði voru opnuð hjá innkaupaskrifstofu þann 17. mars sl. Þrjú tilboð bárust:

1. Main Manager
2. Dalux
3. Origo

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls verðs og gæða samkvæmt neðangreindri útlistun. Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð samkvæmt eftirfarandi töflu:

Valforsenda	Gildi
Verð	60,0 stig
Gæði	40,0 stig
Samtals	100,0 stig

Heildarstig bjóðanda „n“ verða metin samkvæmt eftirfarandi:

$$\text{Heildarstig}_n = \text{Verðstig}_n + \text{Gæðastig}_n$$

Gæðamat fór fram á tímabilinu 18. mars – 6. júlí og er stigagjöf bjóðenda eftirfarandi:

	Neðan greind verðtilboð voru opnuð:	Tilboðsverð	Verð (stig)	Gæðamat (stig)	Samtals stig	Hlutfall af kostn.áætlun
1	MainManager ehf.	241.220.000 kr.	60,0	33,80	93,80	54,9 %
2	Dalux*	285.000.000 kr.	50,78	34,9	85,66	64,9 %
3	Origo	491.760.000 kr.	29,4	36,8	66,23	112,0 %

* Að loknum opunarfundi tilboða kom í ljós að villa var í tilboðsverði Dalux sem leiðrétt var af bjóðanda. Ofangreint mat miðar við leiðrétt tilboðsverð en það hefur ekki áhrif á niðurstöðu útboðsins.

Samkvæmt niðurstöðu gæðamats er ljóst að tilboðsgjafi 1, Main Manager fær flest stig og þar af leiðandi hæstu einkunn.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið kröfur um fjárhagslegt hæfi tilboðsgjafa og staðfest að þátttakandi sem var með hagkvæmasta tilboðið, MainManager, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Umhverfis-



og skipulagssvið, í samstarfið við UTR og ÞON, hefur yfirfarið tilboð MainManager og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Í útboðsgögnum áskildi Reykjavíkurborg sér rétt til að fella niður matsþátt um notendaprófanir ef ljóst væri að stig fyrir notendaprófanir munu ekki breyta röðun bjóðenda í forsendum fyrir vali tilboðs og semja við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboðið, sbr. kafli 0.1.4, málgr. 4. Var það raunin eftir að gæðamati kaupanda á tilboði nr. 1 lauk og því var ekki farið í notendaprófanir á tilboðum nr. 2 og 3 þar sem þær hefðu ekki haft áhrif á niðurstöðuna.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leggur til að gengið verði að tilboði MainManager, enda uppfylli það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli verðs og gæða, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Sigurlaug Björg Stefánsdóttir

verkefnastjóri hjá Stafrænni Reykjavík